



## Minnisblað

Tilvísun: 1531316-V11-CMO-0001  
Til: Akraneskaupstaður  
Sigurður P. Harðarson


9.5.2022

Efni: Samantekt vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir Skógahverfi 3C og 5 áfangi 2022

Akraneskaupstaður í samstarfi við Veitur, Gagnaveitu Reykjavíkur og Milu áformar að fara í framkvæmdir við gatnagerð, yfirborðsmótun og veitur í skipulagsáfangum Skógahverfi 3C og 5. Þessi áfangi tengist við götur í fyrri áföngum, Asparskóga í áfanga 1 og Akralund og Skógarlund í áfanga 3A.

Gatnatenging til norðurs við Akranesveg verður ekki hluti af verkframkvæmd, utan að útbúinn verður vinnuvegur til bráðabirgða sem tengir við Akranesveg.

Markmiðið er að gera íbúðarlóðir í hluta af deiliskipulagsáfangunum, hæfar til bygginga. Mikil eftirspurn er eftir sérbylislóðum á Akranesi, og eru engar lóðir lausar til úthlutunar. Í þessum verkáfangi verða samtals 37 lóðir með allt að 252 íbúðum. Þarna verða 64 íbúðir í raðhúsaloðum, 20 íbúðir á sérbylaloðum, og 168 íbúðir á fjölbylaloðum. Í gatnagerð verða gerðar um 1600 m af götum og um 300 m af opinni vatnsrás sem tekur við regnvatni. Götur eru allar 6,0 m breiðar, auk bílastæða.



Mynd 1 - Skipulagsáfangi Skógahverfi 3C og hluti 5.

Efnisþörf vegna framkvæmdar er áætluð þannig að uppgröftur vegna gatna er um 100.000 m<sup>3</sup> og uppgröftur vegna ofanvatnsrásar er um 4.000 m<sup>3</sup>, sem hvoru tveggja verð fluttur á jarðvegstípp Akranesbæjar. Fyllingar í götur og 3 m inná lóðir eru um 110.000 m<sup>3</sup>, sem teknar verða úr viðurkenndum efnisnámmum. Opnaður verður skurður fyrir regnvatnsrás til norðurs frá Asparskógum að Miðvogslæk.

Verkið verður framkvæmt að hluta á árinu 2022, allt árið 2023 og að fullu lokið fyrir lok sumars 2024.

Verkið fellur að gildandi skipulagsáætlunum og er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Engin friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá eru í grennd við framkvæmdasvæðið og á því eru ekki náttúruvörðugðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Rask á menningarminjum er háð leyfi Minjastofnunar Íslands. Komi óþekktar minjar í ljós við framkvæmdina mun verkkaupi bregðast við samkvæmt 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Verktaki þarf að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er sýnt á meðfylgjandi skipulagsteikningu og yfirlitsteikningu verkframkvæmdar.

Virðingarfyllst,

Lárus Ársælsson

Starfstöðvastjóri, byggingarverkfræðingur MS, VFÍ

Meðfylgjandi:

- Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áfanga B og 5.áfangi, skipulagsupprættir samþykktir dags. 11.1.2022.
- Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áfanga B og 5.áfangi, auglýsing birt í B-deild stjórnartíðinda 16.2.2022.
- Yfirlitsteikningar verkframkvæmdar áfanga 3C og 5, dags. 5.5.2022.